
SIGURÐUR GUÐMUNDSSON ARKITEKT



Tillaga að stórhýsi 1939 / building, proposal, 1939

SIGURÐUR GUÐMUNDSSON ARKITEKT

Kjarvalsstaðir – Listasafn Reykjavíkur
Reykjavík Municipal Art Museum
september – október 1997

Sigurður Guðmundsson arkitekt var tengiliðurinn milli ólíkra viðhorfa í íslenskri húsagerðarlist á fyrra helmingi aldarinnar. Hann var í senn seinasti fulltrúi hinnar klassísku hefðar og frumkvöðull nýrrar húsagerðar í anda Bauhaus-stefnunnar. Sigurður var annar í röð þeirra Íslendinga sem fyrstir nutu háskólamenntunar í byggingarlist, næstur á eftir frumherjanum, Guðjóni Samúelssyni. Síðast en ekki síst varð Sigurður fyrstur íslenskra arkitekta til að hefja rekstur sjálfstæðrar teiknistofu árið 1925.

Með störfum sínum að byggingarmálum í rúma þrjá áratugi markaði Sigurður mikilvæg spor í þróunarsögu húsagerðar hér á landi og átti auk þess þátt í að móta viðhorf heillar kynslóðar arkitekta með faglegri reynslu sinni og innsæi. Menningarmálanefnd Reykjavíkur er heiður að því að kynna nýrri kynslóð verk Sigurðar arkitekts með yfirgripsmikilli sýningu á Kjarvalsstöðum.

Sigurdur Gudmundsson bridged differing movements in Icelandic architecture in the first half of this century. He was at once the last representative of classical tradition and the herald of new architecture in the Bauhaus style. Sigurdur Gudmundsson was only the second Icelander to study architecture at university level, after the pioneering figure of Gudjón Samúelsson. And last but not least, he was the first Icelandic architect to set up a private studio, in 1925.

Over more than three decades of work, Sigurdur Gudmundsson left an important imprint on the evolution of architecture in Iceland, besides shaping the outlooks of a whole generation of Icelandic architects with his professional experience and insights. The Cultural Committee of the City of Reykjavik is honoured to present Sigurdur Gudmundsson's architecture to a new generation of Icelanders with this panoramic exhibition at Kjarvalsstadir.

Formaður Menningarmálanefndar Reykjavíkur / Chair, Cultural Committee of Reykjavík:

Eldri ljósmyndir í sýningarskrá og á sýningu eru úr einkasafni Sigurðar Guðmundssonar nema annað sé tekið fram. Safnið er í vörslu Sigrúnar Skúladóttur í Hafnarfirði. Teikningar af byggingum eru flestar úr safni Sigurðar Guðmundssonar og Eiríks Einarssonar, sem varðveitt er á Þjóðskjalasafni Íslands. Ofangreindum aðilum eru færðar sérstakar þakkir fyrir ómetanlega aðstoð við undirbúning sýningarinnar. Afritun myndefnis í sýningarskrá er óheimil nema með samþykki eigenda þess.

Sýningarstjórn, rannsóknir og textagerð / Curatorship, research and text: Pétur H. Ármannsson

MÓTUNARÁR OG NORRÆN KLASSÍK
1925–1930

Um það leyti sem Sigurður Guðmundsson hóf nám sitt við arkitektadeild Konunglegu listaakademíunnar í Kaupmannahöfn árið 1915 voru viðhorf að breytast í norrænum arkitektúr. Í deiglunni var ný stefna, sem hér verður nefnd norræn klassík, og hafði víðtæk áhrif á norræna húsagerð frá um 1918 til 1930. Norræna klassíkin kom í kjölfarið á stílhreyfingum aldamótaáranna: nýbarokki, júgend og þjóðernisrómantík, og var andsvar við þeirri rómantík og einstaklingshyggju sem þær hafði einkennt. Umdeild tillaga um breytingar á turni Frúarkirkjunnar í Kaupmannahöfn varð til þess að vekja áhuga arkitekta á verkum C.F. Hansens (1756–1845), helsta fulltrúa nýklassísku stefnunnar í Danmörku, sem hafði verið í litlum metum hjá þeim sem aðhylltust þjóðernisrómantík. Endurmat á nýklassík 19. aldar leiddi brátt til víðtækari áhuga á rótum byggingarlistar – formrænum og fagurfræðilegum grunnreglum grískrar og rómverskrar byggingarlistar, sem og á eiginleikum og gæðum alþýðuhúsagerðar fyrri tíðar þar sem einfaldleiki og notagildi héldust í hendur.[1]

Enda þótt fylgismenn hinnar nýju stefnu byggðu formhugsun sína á sögulegum fyrirmyndum var afstaða þeirra í grundvallaratriðum ólík sögustíl (historisisma) 19. aldar. Þeir höfnuðu hugmyndinni um val milli mismunandi stíltegunda, sem var helsta forsenda sögustílsins. Þess í stað skyldi ein heilsteypt stílhugsun móta allar byggingargerðir sem arkitektar í upphafi 20. aldar fengust við. Í Svíþjóð og Danmörku gerðu fylgismenn stefnunnar uppreisn gegn kennsluaðferðum akademíunnar, þar sem námið fólst í innprentun á listsögulega „réttum" stílgerðum. Norræna klassíkin fól í sér frjálslegri túlkun sögulegra fyrirmynda, og höfundinum var ætlað að tvinna saman ólík áhrif í heilsteypt og persónulegt verk. Leitast var við að finna skýra formræna úrlausn á hverju viðfangsefni, þar sem finlega útfærð, klassísk stílatriði mynduðu mótvægi við einfalda og reglubundna heildarmynd. Útfærslan einkenndist öðru fremur af ögun og formfestu, húshliðar voru samhverfar um miðju og gluggagerðir staðlaðar. Helsta byggingin í anda norrænu klassíkurinnar í Danmörku var Politigaarden, höfuðstöðvar lögreglunnar í Kaupmannahöfn, reist á árunum 1918–24. Aðalhöfundar voru Hack Kampmann og Aage Rafn.[2] Byggingin markaði í raun bæði upphaf stefnunnar og endi. Sú áhersla sem þar var lögð á formrænar úrlausnir á kostnað notagildis vakti hörð viðbrögð, en um þetta leyti var áhrifa funksjónalismans farið að gæta. Utan Danmerkur þróaðist norræn klassík einna lengst í Svíþjóð, ekki hvað síst í verkum arkitektsins Eriks Gunnars Asplunds. Norrænar séráherslur greindu hina nýju stefnu frá klassískum straumum í öðrum löndum álfunnar á sama tíma, enda átti hún sér miklu fremur staðbundnar rætur en alþjóðlegar.

Atvikin höguðu því svo að Sigurður Guðmundsson tengdist norrænni klassík sterkari böndum en aðrir íslenskir arkitektar. Hann var við nám í Kaupmannahöfn á sama tíma og áhrif hennar voru hvað mest, milli 1918 og 1924. Á árunum 1919–25 var hann eini Íslendingurinn við háskólanám í arkitektúr. Helsti hugmyndafræðingur norrænu klassíkurinnar, Carl Petersen, varð árið 1918 prófessor við arkitektadeild Listaakademíunnar, um líkt leyti og Martin Nyrop, höfundur ráðhússins í Kaupmannahöfn og leiðtogi þjóðernisrómantísku stefnunnar, hætti kennslu.[3] Fyrirlestrar Petersens um byggingarlist höfðu mikil áhrif á nemendur akademíunnar um þetta leyti. Einungis einn Íslendingur hafði stundað nám í arkitektúr við Listaakademíuna á undan Sigurði, Guðjón Samúelsson sem lauk fullnaðarprófi árið 1919. Guðjón var meðal annars nemandi Nyrops og verk hans vitna um tengsl við sögustíl 19. aldar, í bland við þjóðernisrómantík og nýbarokkstíl aldamótaáranna. Sú viðhorfsbreyting í arkitektúr sem varð með norrænu klassíkinni birtist meðal annars í ólíkum viðhorfum þeirra Sigurðar og Guðjóns til sérþjóðlegs byggingarstíls og til hugmyndarinnar um val milli sögu-



Kaupmannahöfn / Copenhagen
Dómhús og ráðhús / Court and town hall, 1803–16
Christian Frederik Hansen

Mynd úr eigu Sigurðar Guðmundssonar



Kaupmannahöfn / Copenhagen
Politigaarden, höfuðstöðvar lögreglu / Police Headquarters, 1918–24
Hack Kampmann, Aage Rafn

Mynd úr eigu Sigurðar Guðmundssonar

1) Fisker, Kay. Arkitekturudviklingen i Norden i de sidste 50 aar. Nordisk Byggnadsdag V, bls. 501–502. Nordisk Byggnadsdag, Stokkhólmi 1950.

2) Anderson, Henrik. Modern Klassicism i Norden 1910-1930. Nordisk Klassicism, bls. 11. Finlands arkitekturmuseum, Helsinki 1982.

3) Upplýsingar frá Júlíönu Gottskálksdóttur listfræðingi.







Ásvallagata 14
Hús Jóns Ásbjörnssonar / residence
(1928)

legra stiltegunda. Sigurð má því með réttu kalla eina íslenska fulltrúa norrænnar klassíkur, þar sem þeir arkitektar sem næstir komu á eftir honum hófu ekki nám fyrr en um 1927 þegar norræna klassíkin var að víkja fyrir funksjónalismanum.

Sigurður Guðmundsson fæddist 4. maí 1885 á Syðri-Hofdölum í Skagafirði. Foreldrar hans voru Ingibjörg Sigurðardóttir frá Efstabæ í Borgarfirði og Guðmundur Pétursson bóndi og hreppstjóri á Hofdölum.[4] Árið 1904 hóf Sigurður nám við Hinn almenna menntaskóla í Reykjavík og lauk gagnfræðaprófi árið 1907. Hann stundaði áfram nám til stúdentsprófs, allt til þess að hann ákvað að læra arkitektúr, en á þeim tíma var stúdentspróf ekki skilyrði við inngöngu í arkitektadeild akademíunnar. Áður en Sigurður hélt utan til náms var hann um tveggja ára skeið kennari við Flensborgarskóla í Hafnarfirði. Um líkt leyti komst hann í kynni við Rögnvald Á. Ólafsson, fyrsta arkitektinn sem starfaði hér á landi. Í viðtali við Valtý Stefánsson á sextugsafmæli sínu segir Sigurður kynnin af Rögnvaldi hafa valdið nokkru um að hann ákvað að leggja fyrir sig byggingarlist, en áður hafði hugur hans staðið til málaralistar.[5] Árið 1915 sigldi Sigurður til Kaupmannahafnar og innritaðist í arkitektadeild Listaakademíunnar. Þar stundaði hann nám meira og minna til ársins 1925, án þess þó að ljúka fullnaðarprófi. Fjárhagur var þröngur og jafnhliða skólanum vann Sigurður fyrir sér á teiknistofum í Kaupmannahöfn og einnig sem blaðamaður, meðal annars við fréttaþjónustu Berlingske Tidende.

Þáttaskil urðu á ferli Sigurðar árið 1924 þegar bæjarstjórn Reykjavíkur fól honum að gera uppdrætti að nýju barnaskólahúsi í Reykjavík. Hann hafði þá stuttu áður gert teikningar að Alþýðuhúsi í Reykjavík, sem sýndar voru á almennri listsýningu Listvinafélagsins árið 1924.[6] Þótt ekki séu um það skjalfestar heimildir má telja víst að þetta umfangsmikla verkefni hafi ráðið mestu um að Sigurður kaus að ljúka ekki námi sínu og fluttist heim árið 1925. Einungis einn háskólamenntaður arkitekt starfaði á Íslandi um það leyti, Guðjón Samúelsson, sem skipaður var húsameistari ríkisins árið 1920. Hafði hann tekið við því starfi af Rögnvaldi Á. Ólafssyni, sem lést úr berklum langt fyrir aldur fram árið 1917. Auk Guðjóns störfuðu í Reykjavík nokkrir iðnaðarmenn með framhaldsmenntun í byggingafræðum og unnu við að teikna íbúðarhús og atvinnuhúsnæði. Strax eftir að Sigurður kom heim árið 1925 hóf hann rekstur sjálfstæðrar arkitektastofu að erlendri fyrirmynd og var hann brautryðjandi í þeim efnum hér á landi.

Þegar Sigurður Guðmundsson hóf störf sem arkitekt í Reykjavík um 1925 var steinsteypa orðin algengasta byggingarefni hér á landi. Á þeim tíma var notkun hennar útbreiddari hér en í nálægum löndum. Til marks um þetta segist Sigurður í viðtali lítt hafa kynnst notkun steinsteypu í námi sínu í Danmörku.[7] Hann tók þó brátt að beita sér fyrir nýjungum á sviði múrverks og steyputækni í fyrstu húsum sínum. Meðal þeirra var grófhúðun steyptra útveggja með svonefndu perluákasti. Þá aðferð notaði hann fyrst í húsinu á Laufásvegi 70 (1927). Dökkur, ólitaður perlumúr einkenndi mörg af fyrstu verkum Sigurðar, en mörg þeirra húsa hafa síðar verið máluð. Önnur nýjung sem fyrst var reynd í sama húsi var járnbending steypu í veggjum, sem fyrir vikið urðu þynnri en áður hafði tíðkast.[8]

Eftir því sem næst verður komist vann Sigurður Guðmundsson frumdrög Austurbæjarskólans í Kaupmannahöfn vorið 1924.[9] Um sumarið kom hann til Reykjavíkur í stutta heimsókn og vann áfram að mótun tillögunnar. Síðla hausts hafði hugmyndin tekið á sig endanlegt form. Lóðin var á Skólavörðuholtinu austanverðu, sunnan Bergþórugötu og neðan Vitastígs. Bæjaryfirvöld sáu fyrir sér aðalálmu hússins niður með Bergþórugötunni, en Sigurður sá annmarka á því sökum landhallans. Kaus hann fremur að koma skólahúsinu fyrir efst á lóðinni samsíða Vitastíg, enda þótt það kostaði niðurrif nýreistrar aðveitustöðvar.[10] Með þessu móti var unnt að skipa öllum kennslustofum bekkjardeilda niður í

4)
Verkfræðingatal. Verkfræðingafélag Íslands, Reykjavík 1956.

5)
Valtýr Stefánsson. Sextugur arkitekt með vaxandi umbótaáhuga [viðtal]. Morgunblaðið, 4. maí 1945.

6)
Skv. sýningarskrá. Ábending frá Júlíönu Gottskálksdóttur listfræðingi.

7)
Guðmundur Hannesson. Húsagerð á Íslandi. Iðnsaga Íslands I, bls. 258–289. Iðnaðarmannafélagið, Reykjavík 1943.

8)
Borgarstjórinn í Reykjavík, M 11, 19.4. 1924. Borgarskjalasafn.

9)
Bréf Sigurðar Guðmundssonar til borgarstjóra, M 11, 3.10. 1924. Borgarskjalasafn.


einfaldri röð með þeirri langhlið sem helst naut sólar og útsýnis. Um sama leyti og Sigurður vann að fyrstu drögum sínum að Austurbæjarskólanum var nýskipuð samvinnunefnd um skipulag Reykjavíkur að hefja undirbúning fyrsta heildarskipulags fyrir bæinn. Einn veigamesti þáttur þeirrar áætlunar var svonefnd „háborg" efst á Skólavörðuhæð, þar sem ætlunin var að reisa helstu opinberu byggingar höfuðstaðarins: háskóla, leikhús, listasafn og stúdentagarð, auk nýrrar kirkju fyrir austurbæ Reykjavíkur. Aðalhöfundur háborgartillögunnar var Guðjón Samúelsson, húsameistari ríkisins. Háborgin reis aldrei, en hún var þó á sínum tíma mikilvæg skipulagsforsenda við hönnun Austurbæjarskólans. Um þetta farast Sigurði svo orð í greinargerð dagsettri í mars 1925:

Skólahúsið og umhverfi þess – heilar, langar línur og stórir fletir – sýnist mér vel til fallið að gera undirstöðu eða aðdraganda að þyrpingu hinna viðhafnarmeiri stórhýsa, sem von er á uppi á hæðinni kringum Skólavörðutorgið. En hvorki þetta hús né önnur þar í kring mega hreykja sér svo hátt að þau taki toppinn af háborginni.[10]

Vinna við uppsteypu Austurbæjarskólans hófst árið 1927 og var skólahúsið tilbúið til notkunar haustið 1930. Mjög var til þess vandað og ber byggingin enn í dag vitni um stórhug og framsýni þeirra sem að henni stóðu. Almennar skólastofur voru í miðálmu hússins. Út frá henni til endanna gengu fram tvær minni álmur með öðrum vistarverum. Álmurnar mynduðu skjólvegg umhverfis leiksvæðið, sem lá opið mót morgunsólaráttinni. Grunnhugmyndin var einföld og endurspeglaði vel áherslu norrænnar klassíkur á skýra formræna heildarlausn. Regluföst gluggaskipanin minnti um margt á Politigaarden. En í stað þess að umlykja fagurlega mótaða húsagarða, líkt og sú bygging, breiðir Austurbæjarskólinn út faðm sinn mót helstu sólarátt og viðáttu fjallahringsins umhverfis bæinn. Þegar Austurbæjarskólinn var tekinn í notkun haustið 1930 var hann eitt fullkomnasta skólahús á Norðurlöndum hvað aðbúnað snerti. Meðal nýjunga má nefna kvikmyndasal, sundlaug og böð, fullkomið skólaeldhús og matsal, auk sérhæfðra kennslustofa fyrir listgreinar og verklega kennslu. Lofthæfar voru á húsinu til að tryggja sjálfvirkt flæði lofts í kennslustofum og í glugga var pantað sérstakt gler sem hleypti inn útfjólubláum geislum í heilsubótarskyni. Upphaflega var skólinn með steyptu, flötu þaki, einu því fyrsta sinnar gerðar hér á landi. Árið 1947 var koparklætt timburþak sett á allt húsið. Þá var Austurbæjarskóli fyrsta bygging í Reykjavík sem tengd var jarðvarmaveitunni frá Þvottalaugunum, en hún var tekin í notkun síðla árs 1930.[11]

Á árunum 1926–30 teiknaði Sigurður nokkur íbúðarhús í Reykjavík í anda norrænnar klassíkur. Sakir einfaldleika og fágaðs útlits skáru þau sig úr þeim skrautlega nýbarokkstíl sem þá einkenndi reykvísk steinsteypuhús. Hús Sigurðar voru ýmist einlyft með bröttu mænisþaki (Ásvallagata 14, Bergstaðastræti 74–74A, Hringbraut 26) eða tvílyft með lágreistu valmaþaki (Bergstaðastræti 75, Fjólugata 1, Laufásvegur 63, 70, 73 og 75). Veggir voru í flestum tilvikum húðaðir með perluákasti og þökin klædd með eternit-hellum. Í húsinu á Laufásvegi 70 voru sinkhúðaðir járngluggar, sem var nýjung á þeim tíma. Útlitsmyndir þessara húsa voru flestar samhverfar um miðju, veggfletir sléttir og gluggagerðir byggðar upp með margfeldi sömu grunneiningar. Fá gluggaop voru á inngangshliðum. Húsformið var í flestum tilvikum einfaldur teningur og lítið um útskot og útbyggingar. Húsin höfðu hreinan heildarsvip og yfirveguð hlutföll þar sem engu var ofaukið.

Þótt áhrifa frá fyrstu húsum Sigurðar færi fljótt að gæta í verkum annarra húsameistara kunnu ekki allir að meta ágæti þeirra. Árið 1926 synjaði byggingarnefnd Reykjavíkur fyrstu húsateikningu sem Sigurður lagði fyrir (Sóleyjargata 5) á þeirri forsendu að „húsið væri svo ljótt". Urðu blaðaskrif af því tilefni um faglega hæfni byggingarnefndar.[12] Þá vakti nær gluggalaus götuhlið hússins á



Laufásvegur 75
Hús Ásmundar Guðmundssonar / residence (1929)

10)
Sigurður Guðmundsson. Barnaskóli í Reykjavík. Kaupmannahöfn 1925. Borgarskjalasafn.

11)
Sigurður Guðmundsson. Barnaskólinn nýi í Reykjavík. Menntamál, 3. tbl., 4. árg., bls. 33–41.

12)
Valtýr Stefánsson. Hús Gunnlaugs Einarssonar læknis. Morgunblaðið, 18. apríl 1926.



Sóleyjargata 5
Hús Gunnlaugs Einarssonar, tillaga / residence, proposal (1926)

Laufásvegi 70 nokkra furðu bæjarbúa að sögn Sigurðar sjálfs.[12] Gluggaleysið skýrist af þeirri viðteknu skipulagsreglu þess tíma að skipa húsum niður á lóðir með tilliti til sólaráttar, þannig að hús sólarmegin götu stóðu þétt upp við gangstéttina. Sigurður kaus að snúa gluggum íveruherbergja frá götunni, sem var heppilegasta lausn með tilliti til birtu og notagildis. Á lóðum norðanvert við götu notaði hann alls ólíka úrlausn á innra skipulagi þar eð afstaða aðkomuleiðar og sólaráttar var önnur. Greina má skýrari samsvörun milli ytri aðstæðna og innra skipulags í fyrstu verkum Sigurðar en í öðrum reykvískum húsum frá sama tíma.

Af öðrum verkum Sigurðar sem telja má til norrænnar klassíkur ber helst að nefna Elli- og hjúkrunarheimilið Grund við Hringbraut og innréttingu Reykjavíkurapóteks á jarðhæð Austurstrætis 16, bæði verkin teiknuð og unnin árin 1928–30. Elliheimilið var stílhrein og látlaus bygging þar sem dagsbirta réð mestu um innra skipulag. Þrjár meginálmur mynduðu bygginguna í upphafi og var afstaða þeirra miðuð við að sem flest herbergi sneru gluggum í sólaráttir. Á milli þeirra var skjólsæll garður mót suðri.[13] Byggingin var síðar stækkuð til austurs og vesturs en er vel varðveitt að öðru leyti. Lyfjabúðarinnréttingin hefur sérstakt listsögulegt gildi þar sem hún er eina heilsteypta innréttingin hér á landi með skýrum einkennum norrænnar klassíkur. Á það jafnt við um rýmismynd hennar, húsgögn og einstök útfærsluatriði. Ásmundur Sveinsson myndhöggvari, þá nýkominn heim frá námi í Stokkhólmi og París, var fenginn til að gera útskurðarmyndir á anddyrishurðir, en um líkt leyti vann hann að lágmyndum yfir inngöngum Austurbæjarskólans.[14] Af óbyggðum verkum Sigurðar Guðmundssonar frá þessu tímabili ber helst að geta stúdentagarðs við Skólavörðutorg, sem mynda átti hluta háborgarinnar. Árið 1927 var efnt til samkeppni um uppdrátt að stúdentagarðinum, hinnar fyrstu hér á landi eftir því sem næst verður komist. Engin teikninganna í keppninni reyndist fullnægjandi og samþykkti garðsnefnd á endanum að fela Sigurði verkefnið. Smækkuð afrit uppdrátta af garðinum birtust í Stúdentablaðinu 1928. Teikningar þessar eru hinar áhugaverðustu þar sem þær sýna ekki aðeins stúdentagarðinn heldur alla austurhlið torgsins. Þar sá Sigurður fyrir sér þrjár byggingar í stað tveggja á háborgartillögunni frá 1924. Húsin eru í klassískum stíl en með léttu og fínlegu yfirbragði. Veturinn 1928–29 unnu stúdentar að því að grafa grunn stúdentagarðs í sjálfboðavinnu, en þegar ljóst varð að háskóli yrði ekki reistur á Skólavörðuholti var frekari framkvæmdum frestað.[15]


13) Sigurbjörn Á. Gíslason. Elli- og hjúkrunarheimilið Grund 10 ára. Minningarrit. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík 1940.

14) Reykjavíkur Apótek. Tímarit iðnaðarmanna, 2. hefti, 4. árg., 1930, bls. 32.

15) Páll Sigurðsson. Úr húsnæðis- og byggingarsögu Háskóla Íslands I, bls. 94–102. Háskóli Íslands, Reykjavík 1986.

Ljósmynd / photo: Jón Kaldal

Skólavörðuholt
Barnaskóli Austurbæjar / primary school, 1924–30
Sigurður Guðmundsson









Ljósmyndari óþekktur / unknown photographer








Laufásvegur 70
Hús Gunnlaugs Claessens (Kjartans Thors) / residence, 1927
Sigurður Guðmundsson




Ljósmyndari óþekktur / unknown photographer



Laufásvegur 69
Hús Valtýs Stefánssonar / residence, 1928
Sigurður Guðmundsson



Ljósmyndari óþekktur / unknown photographer. Myndir úr eigu Ingileifar R. Hallgrímsdóttur




Fjólugata 1
Hús Hallgríms Benediktssonar / residence, 1928
Sigurður Guðmundsson



Ljósmyndari óþekktur / unknown photographer. Mynd úr eigu Húsameistara ríkisins


Hringbraut
Elli- og hjúkrunarheimilið Grund / nursing home, 1928–30
Sigurður Guðmundsson








Lithmynd / photo: Pétur Sörensson

Austurstræti 16
Innrétting Reykjavíkur Apóteks / pharmacy interior, 1928–30
Sigurður Guðmundsson











Lífsmynd / photo: Landsbókasafn Íslands, Háskólabókasafn

Skólavörðuholt
Stúdentagarður, tillaga / student residence, proposal, 1928
Sigurður Guðmundsson

FUNKSJÓNALISMI – „HINN NÝI STÍLL"
1930–1935


Á þriðja áratug aldarinnar urðu mikil umskipti í arkitektúr með tilkomu módernisma (nútímastefnu). Á Norðurlöndum og í Þýskalandi var þessi stefna oftast kennd við funksjónalisma (notagildisstefnu). Módernismi í arkitektúr fól í sér róttæka endurskoðun á öllum meginþáttum húsbygginga. Um var að ræða breiða alþjóðlega hreyfingu sem fyrst kom fram í Hollandi, Frakklandi og Þýskalandi. Í formrænu tilliti sótti hún innblástur til kúbískrar myndbyggingar, flatra þaka og teningslaga húsforma Miðjarðarhafslanda, sem og til nýjustu samgöngutækja þess tíma: flugvélanna og stóru farþegaskipanna. Krafa var gerð um samvirkni forms og notagildis og tilvísunum í sögulegar stílgerðir var hafnað. Jafnvægissamspil láréttra og lóðréttra lína kom í stað samhverfu um miðjuás. Í tæknilegu tilliti byggði stefnan forsendur sínar á eiginleikum nýrra efna, stáls og steinsteypu, sem sköpuðu skilyrði fyrir opnari og frjálsari rýmisskipan en unnt var að ná fram með hefðbundnum byggingaraðferðum. Loks var hinn félagslegi og pólitíski þáttur, sem meðal annars fól í sér kröfur um breytta tilhögun íbúða og að allir þegnar samfélagsins ættu jafnan rétt á vönduðum húsakynnum og heilsusamlegu umhverfi.

Í kjölfar Stokkhólmssýningarinnar árið 1930 varð módernismi ríkjandi í norrænni húsagerðarlist. Meðal helstu boðbera hans voru margir þeirra arkitekta sem hafið höfðu feril sinn í anda nýrrar klassíkur, svo sem Erik Gunnar Asplund í Svíþjóð og Alvar Aalto í Finnlandi. Nýja klassíkin var mikilvægur undanfari funksjónalismans á Norðurlöndum og ýmsar þær áherslur sem síðar einkenndu norrænan nútímaarkitektúr má rekja til hennar. Í ljósi þess þarf vart að koma á óvart að Sigurður Guðmundsson varð frumkvöðull módernisma hér á landi. Árið 1929 vann hann uppdrætti að íbúðarhúsi Ólafs Thors á Garðastræti 41, fyrsta íslenska húsinu með skýrum einkennum funksjónalismans. Um inntak hinnar nýju stefnu komst Sigurður svo að orði í útvarpserindi árið 1933:

Hinn nýi stíll – ef hægt er að tala um stíl á þessu stigi – er nýfæddur. En hann er nú í heiminn borinn. Og hann er engin dægurfluga eða tískufyrirbrigði, eins og t.d. kjólar kvenfólksins, heldur er hann sprottinn af þörf. Hinn nýi stíll gerir fyrst og fremst þær kröfur að húsin séu svo nothæf sem framast má verða, og að öll gerð þeirra og allt form svari til þess hlutverks sem þeim er ætlað. Að byggingarefnið sé notað rétt og samkvæmt eðli sínu. Ennfremur að hin ytri ásýnd segi sannleikann en sé ekki dulargervi til þess að leyna veruleikanum. ... Gerð hússins að utan, skipulag þess að innan og hin berandi „konstruktion", eða máttarvirki, verða að vinna saman í öllum meginatriðum, og gera eina samfellda og skýra heild.[1]

Í greinum um list þessa tímabils hafa þau Hörður Ágústsson og Júlíana Gottskálksdóttir bent á þá áhugaverðu staðreynd að hér á landi ruddi funksjónalismi í arkitektúr sér til rúms mun fyrr en módernismi í öðrum greinum sjónlista.[2-3] Þessi athyglisverði vaxtarbroddur íslenskrar nútímalistar í upphafi heimskreppunnar birtist með einna skýrustum hætti í nokkrum íbúðarhúsum sem hönnuð voru á teiknistofu Sigurðar Guðmundssonar á árunum 1929–33. Hin nýju viðhorf sem einkenndu þessi hús áttu sér alþjóðlegar rætur en þau báru engu að síður sterk höfundareinkenni. Að ýmsu leyti má líta á þau sem framhald af ýmsum þeim nýjungum sem Sigurður Guðmundsson hafði innleitt með verkum sínum fyrir 1930, einkum á sviði járnbentrar steinsteypu. Þrátt fyrir nýjan svip á ytra borði var innra skipulag húsanna mótað af þeim meginreglum sem hann hafði stuðst við í fyrstu húsum sínum. Hið sama má segja um perluákast á útveggjum, gluggagrindur úr járni og steypt flöt þök.

Í fyrstu funksjónalísku húsum sínum vék Sigurður nokkuð frá þeirri ströngu




Lækjartorg
Blaðabúð, tillaga / newspaper kiosk, proposal (1933)

1) Sigurður Guðmundsson. Húsagerð. Tímarit iðnaðarmanna, 6. hefti, 7. árg., 1934.

2) Hörður Ágústsson. Inngangur í skrá sýningar um Gunnlaug Halldórsson arkitekt, bls. 6. Arkitektafélag Íslands, Reykjavík 1989.

3) Júlíana Gottskálksdóttir. Í deiglunni 1930–1944, bls. 159. Listasafn Íslands, Reykjavík 1994.







Laufásvegur 77
Hús Helga Guðmundssonar / residence (1932)

reglufestu sem áður hafði einkennt verk hans. Mótun rúmtaksins varð margbreytilegri og jafnvægissamspil láréttra og lóðréttra lína kom í stað samhverfra útlitsmynda. Turnhýsi, útskot, svalabrúnir og gluggaop mynduðu hárfínan samleik forma í þrívídd, þar sem engu var ofaukið og engu varð við bætt. Þessi nákvæma þrívíða mótun einkenndi allar byggingar Sigurðar í anda funksjónalismans, og einnig mörg síðari verk hans, svo sem Þjóðminjasafnið. Sléttskorið, teningslaga húsformið féll vel að eiginleikum steinsteypunnar. Aðstæður hér á landi voru módernismanum að því leyti hagstæðar að hefð var fyrir notkun steinsteypu til húsbyggingar og íslenskir iðnaðarmenn höfðu þegar öðlast mikla reynslu í meðhöndlun hennar. Því reyndist auðveldara en ella að innleiða nýja formhugsun sem byggði á tæknilegum eiginleikum hins nýja byggingarefnis. Ekki var lengur þörf á láréttum böndum og áhlöðnu skreyti til að létta svip steypunnar, fegurðargildið fólst í sjálfu rúmtaki hússins og hlutföllum í sinni hreinustu mynd. Önnur nýmæli, svo sem sólsvalir á þaki, póstalausir horngluggar úr járni og stálpípuhandrið, vitna um skyldleika við hugmyndir Bauhausskólans og verk Le Corbusiers. Óvenjulegt sérkenni þessara íslensku funkishúsa var dökki múrliturinn sem flestum þeirra var valinn í upphafi. Fyrir vikið varð yfirbragð þeirra þyngra og efnismeira en erlendra húsa í sama stíl, sem undantekningarlítið voru í hvítum eða ljósum lit. Bygging fyrstu húsanna í anda módernismans varð upphaf mikillar funkistísku sem mjög setti svip á íbúðarhús kreppuáranna. Auk hússins á Garðastræti 41, sem var tímamótaverk í íslenskri húsagerðarsögu, eru húsin á Sóleyjargötu 11, 29 og 35, Smáragötu 16, Laufásvegi 77 og Freyjugötu 46 helstu verk þessa tímabils á listferli Sigurðar. Einnig ber að nefna hús Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara á Freyjugötu 41, sem var ólíkt hinum að uppbyggingu og innri gerð.

Módernisminn hafði strax mikil áhrif á hönnun íbúðar- og atvinnuhúsnæðis hér á landi en þróunin varð hægari í opinberum byggingarframkvæmdum. Flest hönnunarverkefni á vegum ríkisins á fjórða áratugnum komu í hlut embættis húsameistara ríkisins, þar sem hefðbundnari viðhorf til byggingarlistar voru lengi ráðandi. Engu að síður fékk Sigurður Guðmundsson brátt tækifæri til að teikna nokkrar stærri byggingar í anda funksjónalismans, og þóttu þær sæta tíðindum. Ber fyrst að geta stúdentagarðsins (Gamla garðs) við Hringbraut, sem byggður var á árunum 1933–34. Það var fyrsta byggingin sem reis á nýrri lóð Háskólans sunnan Hringbrautar.[4] Garðurinn var hornbygging með herbergjum stúdenta í aðalálmu en samkomusal í hliðarálmu. Þak aðalálmu var hallandi og með líku sniði og á elliheimilinu Grund, en ofan á hliðarálmu voru sólsvalir á flötu þaki sem ganga mátti út á úr stigahúsi. Einkenni funksjónalismans birtust með hvað skýrustum hætti í stigaturninum sem tengdi saman álmurnar tvær. Mikill horngluggi úr glertöflum (hleðslugleri) setti í upphafi svip sinn á stigahúsið en hann myndaði samfelldan bjartan flöt á húsinu að kvöldi til. Byggingin missti mikið af svip sínum þegar þessi flötur vék fyrir hefðbundum glerglugga jafnframt því sem þaki stigahússins var breytt.

Frá sama tíma og stúdentagarðurinn eru tvö sjúkrahús kaþólska safnaðarins í Stykkishólmi og Reykjavík, teiknuð og reist á árunum 1933–35. St. Jósefsspítali á Landakoti var fjögurra hæða steinsteypuhús, reist við hlið eldri bygginga úr timbri. Í upphaflegum tillögum var gert ráð fyrir stækkun hússins til austurs, þegar gamli spítalinn viki. Efsta hæðin var inndregin til hálfs með stórri þakverönd í sólarátt, og útbyggingar með stórum glerflötum og svölum settu auk þess mikinn svip á húsið. Sjúkrahúsið, sem nú myndar vesturálmu Landakotsspítala, var af myndum að dæma eitt stílhreinasta verk íslenska funksjónalismans. Í tímans rás var þakið hækkað, gluggaskipan breytt og ný álma reist austan við eftir annarri teikningu. Spítali St. Fransiskussystra í Stykkishólmi var athyglisverð bygging, einkum vegna kapellunnar og turnsins sem mynduðu samfasta álmu til hliðar við aðalhúsið. Byggingin hefur að mestu haldið upphaflegum svip sínum þrátt fyrir umfangsmiklar viðbyggingar.

4) Páll Sigurðsson. Úr húsnæðis- og byggingarsögu Háskóla Íslands I, bls. 161–170. Háskóli Íslands, Reykjavík 1986.

Fjórða stórhýsið frá þessum árum sem Sigurður tengdist var skrifstofu- og vörugeymsluhús Reykjavíkurhafnar við Tryggvagötu. Það var byggt í áföngum á árunum 1933–39 og var eitt stærsta hús landsins á sínum tíma. Heimildir um hönnun þess eru óljósar þar sem elstu teikningar vantar. Eftir því sem næst verður komist mótaði Sigurður grunnhugmyndina ásamt Þórarni Kristjánssyni hafnarstjóra en aðrar teikningar gerðu tæknimenn á vegum hafnarinnar.[5] Í næsta nágrenni við Hafnarhúsið er annað verk Sigurðar frá svipuðum tíma, skrifstofuhús við Tryggvagötu 28, sem í látleysi sínu og einfaldleik bar skýr einkenni funksjónalismans. Upphaflegir járngluggar settu lengi sterkan svip á húsið, en fyrir skömmu var þeim skipt út og við það gerbreyttist ásýnd þess.

Í kjölfar aukinna umsvifa á teiknistofunni um og eftir 1930 tók Sigurður Guðmundsson að ráða sér aðstoðarmenn til ýmissa verkefna. Þar sem teiknistofa hans var eina einkarekna arkitektastofan í Reykjavík leituðu margir nýliðar til hans um vinnu. Í þeim hópi voru margir arkitektar sem brátt urðu kunnir fyrir verk sín, þar á meðal Gunnlaugur Halldórsson, Bárður Ísleifsson, Eiríkur Einarsson og Hörður Bjarnason. Einnig störfuðu hjá Sigurði danskir arkitektar, meðal annars þeir Arne Finsen og Johannes Koldborg. Framlag Sigurðar til íslenskrar byggingarlistar á þessum árum var ekki aðeins fólgið í þeim húsum sem hann teiknaði heldur einnig og ekki síður því að ungir arkitektar áttu þess kost að starfa með honum og njóta handleiðslu hans og tilsagnar þegar þeir voru að mótast í námi og starfi. Þannig varð teiknistofa hans mikilvæg miðstöð fyrir þá kynslóð arkitekta sem hafði hvað mest áhrif á framvindu íslenskrar húsagerðar um og eftir seinni heimsstyrjöld. Sem brautryðjandi nútímaarkitektúrs hér á landi naut Sigurður Guðmundsson þess trausts sem hann hafði þegar áunnið sér með fyrri verkum. Í hópi náinna vina hans voru áhrifamenn á sviði atvinnu- og menningarlífs sem höfðu viðsýni og áræði til að hrinda nýstárlegum hugmyndum hans í framkvæmd. Á þessum árum stóð Sigurður í tíðum bréfaskiptum við arkitekta í ýmsum löndum og ferðaðist auk þess til Evrópu til að kynna sér nýjungar í byggingarmálum. Hann gat sér jafnframt gott orð meðal starfsfélaga erlendis sem hönnuður steinsteyptra húsa. Nýlega komu í ljós á bókasafni í London tvær greinar í bresku fagriti um steinsteypu frá árunum 1935-36, þar sem fjallað var um nýjustu verk Sigurðar.[6] Umfjöllunin bendir til að Sigurður hafi á þessum árum verið kunnur fyrir verk sín víða í Evrópu, og er líklegt að fleiri slíkar greinar hafi birst.[7]

Þróun í verkum Sigurðar Guðmundssonar í byrjun fjórða áratugarins sýnir glöggt fullmótaðan skilning hans á frumforsendum módernismans um samvirkni forms, notagildis og efnis. Hús hans frá þessu tímabili vitna um eitt frjóasta og framsæknasta skeið í íslenskri sjónlistasögu á þessari öld. Illu heilli hafa þau mörg hver glatað helstu stíleinkennum sínum með síðari breytingum og eru sum vart svipur hjá sjón. Fátt er lengur til vitnis um einstakt listgildi þeirra annað en upphaflegar teikningar og nokkrar gamlar ljósmyndir.



Freyjugata 41
Hús Ásmundar Sveinssonar / residence and studio (1933)


5)
Fundagerðabók Hafnarstjórnar Reykjavíkur, apríl 1932. Varðveitt á Hafnarskrifstofu Reykjavíkur.

6)
Sigurður Guðmundsson. Three New Concrete Buildings in Iceland. The Concrete Way, vol. 9, nr. 2, 1936.

7)
K. Morton Shand. Concrete's Furthest North. The Concrete Way, vol. 7, nr. 6, 1935.
(Halldóra Arnardóttir listfræðingur hafði upp á greinunum í „Concrete Way" á British Library í London á grundvelli vísbendinga í bréfasafni Sigurðar.)




Ljósmyndari óþekktur / unknown photographer











Garðastræti 41
Hús Ólafs Thors / residence, 1929
Sigurður Guðmundsson




Ljósmyndari óþekktur / Unknown photographer










Smáragata 16
Hús Hauks Thors / residence, 1931
Sigurður Guðmundsson










Ljósmyndari óþekktur / unknown photographer



Sóleyjargata 11
Hús Stefáns Thorarensens / residence, 1931
Sigurður Guðmundsson



Ljósmyndari óþekktur / unknown photographer





Sóleyjargata 29
Hús Thors Thors / residence, 1932
Sigurður Guðmundsson



Ljósmynd / photo: Pétur Sörenssson






Freyjugata 46
Hús Georgs Ólafssonar / residence, 1931
Sigurður Guðmundsson



Ljósmynd / photo: Helgi Arnason


Hringbraut
Stúdentagarður / student residence, 1932–34
Sigurður Guðmundsson





Ljósmyndari óþekktur / unknown photographer


Tryggvagata 17
Hafnarhúsið / harbour warehouse and offices, 1932–37
Sigurður Guðmundsson, Þórarinn Kristjánsson





Ljósmyndari óþekktur / unknown photographer


Stykkishólmur
St. Fransiskusspítali / Catholic hospital, 1932–33
Sigurður Guðmundsson





Ljósmyndari óþekktur / unknown photographer

Túngata
St. Jósefsspítali / Catholic hospital, 1933–35
Sigurður Guðmundsson





Ljósmyndari óþekktur / unknown photographer

Tryggvagata 28
Hús Sigurðar Jónassonar / office building, 1932
Sigurður Guðmundsson

ENDURMAT HEFÐAR – SAMSTARF VIÐ EIRÍK EINARSSON
1938–1958

Um og eftir 1935 vék sá hreinskorni teningsstíll sem einkenndi fyrsta skeið módernismans hér á landi fyrir hefðbundnari og varfærnari útfærslum. Nýstárlegum þak- og gluggalausnum fylgdu tæknilegir ágallar sem erfitt reyndist að leysa með efnum og aðferðum þeirrar tíðar. Í sumum tilvikum var nýlegum húsum breytt og hallandi þök reist yfir þaksvalir og slétta þakfleti, en við það glötuðu þau miklu af upprunalegum stíl sínum og þokka. Reynslan af fyrstu byggingunum varð til þess að margir arkitektar tóku hinn formræna og tæknilega þátt stefnunnar til endurmats og leituðu leiða til að laga hugmyndir hennar betur að aðstæðum og byggingarháttum á hverjum stað. Dæmi um þetta eru valmaþökin sem settu mikinn svip á reykvísk íbúðarhús frá um 1935 og fram yfir stríð. Slíkt endurmat hefðbundinna byggingaraðferða og lausna var dæmigert fyrir framvindu módernismans á Norðurlöndum og víðar undir lok fjórða áratugarins.

Um 1935 tók Sigurður Guðmundsson að endurvekja ýmsar lausnir sem sett höfðu svip á hús hans í upphafi. Flötu þökin hurfu og í þeirra stað kom ýmist valmi eða brött mænisþök. Jafnframt var mótun rúmtaksins varfærnari en áður og minna um stalla og útbyggingar. Til marks um þetta eru húsin á Laufásvegi 62 (1934) og Smáragötu 11 (1937). Hér var ekki um stílfræðilegt afturhvarf að ræða heldur viðleitni til að ná fram bestu heildarlausn með tilliti til notagildis og einfaldleika. Í seinni verkum sínum má segja að Sigurður hafi leitað hins sameiginlega kjarna í þeim tveim stefnum sem mótað höfðu viðhorf hans til byggingarlistar, norrænni klassík og funksjónalisma. Fleira varð til þess að marka þriðja og síðasta skeiðinu á starfsferli Sigurðar Guðmundssonar sérstöðu. Árið 1938 gerðist Eiríkur Einarsson arkitekt (1907–69) félagi hans um rekstur teiknistofunnar. Hann hafði þá skömmu áður lokið prófi í arkitektúr frá tækniháskólanum í Dresden í Þýskalandi með góðum vitnisburði. Samstarf þeirra varð einkar farsælt enda voru þeir nánir vinir og samherjar. Báðir voru þeir höfundar allra helstu verkefna frá stofunni á tuttugu ára tímabili, frá 1938 til 1958, og er undirskift þeirra beggja á flestum teikningum. Þegar Sigurður féll frá síðla árs 1958 tók Eiríkur við rekstri teiknistofunnar.

Eitt af þeim málefnum sem Sigurður Guðmundsson lét sig alla tíð miklu skipta var skipulag Reykjavíkur. Einskær áhugi hans á því að bæta ásýnd höfuðstaðarins og nýta betur staðhætti innan bæjarlandsins til úrbóta í skipulagi varð til þess að hann byrjaði snemma að lýsa skoðunum sínum og hugmyndum á opinberum vettvangi. Að eigin frumkvæði vann hann árum saman að tillögum um skipulag Grjótaþorps og kostaði miklu til. Forsaga málsins var sú að snemma árs 1928 ritaði Sigurður borgarstjóra bréf með athugasemdum um skipulag Reykjavíkur innan Hringbrautar, sem lagt hafði verið fram stuttu áður. Hugmynd hans var að framlengja Austurstræti upp í Grjótaþorp og loka götunni með reisulegri byggingu efst í brekkunni, austanvert við Garðastræti.[1] Árið 1931 fylgdi Sigurður hugmyndinni eftir með grein í Morgunblaðinu vegna fyrirhugaðrar nýbyggingar á þessum sama stað, sem að hans mati spillti einstæðum möguleikum til skipulagsumbóta í miðborginni.[2] Umræður urðu um framlengingu Austurstrætis í framhaldi af greininni, meðal annars í bæjarstjórn. Tveimur árum síðar birtist önnur grein eftir Sigurð ásamt uppdrætti af miðborginni, og lagði hann þar til að ráðhús Reykjavíkur yrði reist við enda Austurstrætisins efst í Grjótaþorpinu. Næstu árin vann hann áfram að mótun tillögunnar um endapunkt Austurstrætis og gerði meðal annars líkan og þrívíddarmyndir máli sínu til stuðnings.[3] Það urðu örlög þessara hugmynda Sigurðar að daga uppi og sú varð raunin með fleiri þarfar ábendingar hans á sviði skipulags. Nær öll störf sín á þeim vettvangi lagði hann fram endurgjaldslaust, málefnisins vegna.

Aðdraganda að byggingu Sogsvirkjana má rekja aftur til áranna 1927–29,





Grjótaþorp og Austurstræti
Tillaga að skipulagi / urban proposal
(1930–34)

1) Sigurður Guðmundsson. Skipulag Reykjavíkur. Lesbók Morgunblaðsins, 28. janúar 1934.

2) Sigurður Guðmundsson. Austurstræti. Morgunblaðið, 6. ágúst 1931.

3) Páll Lindal. Bæirnir byggjast, bls. 195. Skipulag ríkisins, Reykjavík 1982.



Hólar, Hjaltadal
Klukknaturn / bell tower (1949–50)

en á þeim tíma vann Steingrímur Jónsson rafmagnsstjóri frumáætlun um virkjun Efra-Sogs. Fékk hann Sigurð Guðmundsson í lið með sér við mótun tillagna. Eftir að alþingi samþykkti lög um Sogsvirkjanir árið 1933 var ákveðið að hefja virkjunarframkvæmdir neðar í ánni, við Ljósafoss. Sigurði var svo falið að gera uppdrætti að stöðvarhúsi virkjunarinnar ásamt húsi nýrrar aðalspennistöðvar við Elliðaárvirkjun. Voru þau tekin í notkun árið 1937.[4] Ljósafossvirkjun má óhikað telja eitt besta dæmi um íslenskan iðnaðararkitektúr í anda funksjónalismans. Virkjunin er betur varðveitt en önnur verk Sigurðar frá fjórða áratugnum. Einföld og formsterk mannvirkin mynda áhrifamikla andstæðu við náttúruna umhverfis. Á árunum 1951–52 unnu þeir Sigurður og Eiríkur uppdrætti að byggingum næsta áfanga Sogsvirkjana við Írafoss, ásamt mötuneytishúsi og íbúðum starfsmanna. Seinust í röð Sogsvirkjana var virkjun Efra-Sogs (Steingrímsstöð). Stöðvarhúsið var teiknað árið 1958, eitt seinasta verkefni Sigurðar.

Árið 1938 var efnt til samkeppni um fyrirkomulag á vatnsgeymum Hitaveitu Reykjavíkur efst á Öskjuhlíð. Engin fyrstu verðlaun voru veitt, en tillaga Sigurðar og Eiríks var í öðru sæti. Gerði hún ráð fyrir tíu vatnsgeymum í þremur álmum sem mynduðu 120 gráðu horn sín á milli. Til að tryggja nægan vatnsþrýsting í dreifikerfinu var geymunum lyft frá jörðu, en við það myndaðist undir þeim rými sem nýta mátti á margvíslegan hátt. Undir geyminum í miðju var inngangur en ofan á honum var ætlunin að hafa veitingastað.[5] Þótt dómnefnd mæti tillöguna óraunhæfa nema með miklum breytingum hefði þessi bygging óneitanlega orðið hápunktur í arkitektúr funksjónalismans hér fyrir stríð, ekki síst þegar við bætist tign staðarins og sérstaða heita vatnsins fyrir bæinn. Þær fáu myndir sem varðveittar eru af líkani tillögunnar leiða hugann í ólíkar áttir, að verkum rússnesku konstrúktívistanna í austri og að steyptu kornsílóunum við vötnin miklu í vestri, sem arkitektinn Le Corbusier fjallaði um í ritum sínum á þriðja áratugnum. Um 1940 var þeim Sigurði og Eiríki falið að vinna aðra tillögu að mannvirkjum á Öskuhlíð. Samkvæmt henni var átta vatnsgeymum skipað í hring efst á hæðinni umhverfis háreistan útsýnisturn. Lagning hitaveitunnar hófst árið 1939 og var tenging hennar við hús bæjarins vel á veg komin árið 1944. Þá var einnig lokið við að reisa vatnsgeymana efst á Öskjuhlíð. Árið 1949 unnu Sigurður og Eiríkur tillögu að lægri, hringlaga byggingu inn á milli geymanna í stað útsýnisturnsins. Í nýju tillögunni var gert ráð fyrir veitingasal á efstu hæð með útsýnisgluggum til allra átta. Hluti af jarðhæð hússins var reistur en ekkert varð af frekari framkvæmdum. Tillagan er engu að síður vel kunn af líkani sem smíðað var af henni og hefur sést á sýningum við ýmis tækifæri.

Sjómannaskólinn var einnig falinn þeim Sigurði og Eiríki í kjölfar samkeppni. Árið 1941 hafði byggingarnefnd ákveðið að velja skólahúsinu stað á Rauðarárholti, þar sem landrými var nóg og víðsýni mikið. Nefndin lagði til að turn yrði á skólahúsinu og komið þar fyrir nýjum innsiglingarvita, sem yrði „táknmynd þess sem skólanum er ætlað að inna af hendi fyrir íslenska sjómannastétt".[6] Engin fyrstu verðlaun voru veitt í keppninni, sem fram fór snemma árs 1942. Þrem bestu tillögunum var veitt viðurkenning og var uppdráttur Sigurðar og Eiríks þar efstur á blaði. Ákvað ráðherra síðan að fela þeim hönnun skólans. Skólahúsið, sem var vígt í október 1945, var í aðalatriðum eins og samkeppnisuppdrátturinn. Hinir sérstöku staðhættir efst í holtinu mótuðu mjög gerð byggingarinnar. Höfundarnir kusu að velja húsinu stað á brún gömlu grjótnámunnar þannig að lóðrétt bergstálið myndaði undirstöðu þess. Ólík viðhorf til byggingarlistar birtust annars vegar í taktfastri gluggaskipan og einstökum útfærslum í anda módernisma og hins vegar í húsheildinni sem mótuð var eftir rómantískri hugmynd um turnum prýddan kastala á klettaborg. Að þessu leyti var tillaga Sigurðar og Eiríks hefðbundnari en ýmsar aðrar sem til álita komu í samkeppninni.[7]

Hús Þjóðminjasafnsins var næsta stórverkefni Sigurðar og Eiríks á eftir Sjómannaskólanum. Bygging þess var samþykkt á alþingi í tilefni af stofnun lýð-

4)
Sumarliði R. Ísleifsson. Í straumsamband, bls. 71–92. Rafmagnsveita Reykjavíkur, Reykjavík 1996.

5)
Páll Líndal Einarsson. Snarl með snúningi eftir 53 ár. Morgunblaðið, 4. mars 1990.

6)
Einar S. Arnalds. Stýrimannaskólinn í Reykjavík í 100 ár, bls. 195–220. Örn og Örlygur, Reykjavík 1993.

7)
Hörður Bjarnason. Samkeppni húsameistara. Tímarit Verkfræðingafélags Íslands, 6. h., 1942.

